2026-11-08

Land- og húseigendur kæra starfsleyfi HER til Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi

Vegna hávaðamengunar.

Við land og húseigendur í landi Móa Kollafirði kærum útgefið bráðabirgðar starfsleyfi sem HER hefur gefið Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi og förum fram á að lokað verði fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi fyrir fullt og allt og fundin verður staðsetning sem hentar þessari starfsemi. Það er með ólíkindum að þessi starfsemi hefur fengið að starfa á Álfsnesi í meira en tvo áratugi. Og er það eingöngu vegna klíkuskapar hjá Reykjavíkurborg. Þegar það kemur að hljóðmælingum og hljóðhávaða þá eru til réttar mælingar og síðan hannaðar mælingar eða keyptar til að halda starfseminni gangandi. Augljóslega vilja rekstraraðilar halda starfseminni gangandi einnig vill Reykjavíkurborg ekki kosta út stórum fjárhæðum í að finna nýtt svæði. Við höfum heyrt frá þeim sem hafa verið yfir þessu hjá Reykjavíkurborg að ástæðan liggur í því að engin vill hafa þessa starfsemi í þeirra umhverfi þegar leitað hefur verið að hentugri staðsetningu fyrir skotsvæðin. Einnig að Skotfélag Reykjavíkur og Skotreyn vilja ekki vera utan Reykjavíkur.

Þetta eru kannski skiljanlegar ástæður, fjárhagslega fyrir borgina og hentugleika fyrir rekstraraðila en að við borgarbúar með fjölskyldur sem eigum eignir hér erum fórnað andlega,líkamlega og fjárhagslega er svo sannarlega ekki rétt. Hávaðamengunin er langt yfir mörkum, allir sem hafa heyrt hávaðan hér vita það alveg. Fólk kippist við hvert skot. Fólk væri ekki búið að standa í þessari baráttu eða gefast upp og flytja vegna ónæðis. Þetta hefur ekkert með ónæði að gera. Hér er lofthelgi fyrir flugæfingar og litlar flugvélar fljúga hér á sumrin stanslaust, einnig er fjögurra akreina þjóðvegur. Það kallast ónæði sem er partur af lífinu. Hávaðamengunin frá skotsvæðunum á Álfsnesi er allt annar handleggur, það er heilsuspillandi hávaðamengun. . Hávaði frá haglabyssu er í kringum 150 til 165 db þegar hljóðbylgjan lendir t.d. á húsinu okkar þá heyrum við endurkast og hávaðinn er alltaf í kringum 90 til 105 db. Í kringum húsið okkar.

Skotsæðin eru sterk hagsmunasamtök. Skotreyn á Álfsnesi t.d. tilheyrir undir Skotvís.
(“SKOTVÍS (Skotveiðifélag Íslands) og SKOTREYN (Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis) eru törg og samtök sem vinna náið saman að hagsmunum skotveiðimanna og rekstri skotvalla á Íslandi”)

Þeir sem eru á bakvið Skotvís eru fyrrverandi sviðsstjóri UST einnig fyrrverandi yfirlögfræðingur umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar svo einhverjir séu nefndir.

Í þessum skotklúbbum eru og hafa verið borgarfulltrúar og Alþingismenn svo eitthvað sé nefnt. Það hefur öllu verið tjaldað út til að halda þeim þarna á Álfsnesi. Það er erfitt að hugsa sér meira óréttlæti en það sem við höfum þurft að ganga í gegnum.

Við erum ekkert á móti skotveiðum eða skotæfingum, en það er erfitt að setja sig í þeirra spor þegar þessir einstaklingar, eru að nafngreina fólk og tala niður til þeirra sem kæra á samfélagsmiðlum osfrv. Engin gerir sér grein fyrir því aðkasti sem fólk hefur orðið fyrir hér bara fyrir það eitt að berjast fyrir sínum mannréttindum. Og það er ekki bara við sem búum eða eigum eignir hér heldur ráðast þeir einnig á þann sem tók hljóðmælingar hér fyrir okkar hönd. Það er fullt af fólki sem þorir ekki að kæra, heldur hringja í okkur og spyrja hvort við ætlum ekki 100% að kæra. Þetta er svolítið sem engin talar um en er virkilega mikilvægt að komi hér fram.

Starfseminn á Álfsnesi hefur einkennst af skipulagsleysi og skammtímahugsun þar sem HER hefur gjörsamlega fengið falleinkunn. Það mun aldrei vera hægt að tryggja að það verði ekki áframhaldandi heilsuspillandi hljóðmengun frá skotsvæðunum á Álfsnesi

